

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR
HALDINN 30.05.2017 Á KIRKJUBÆJARSTOFU
Fundur nr. 150

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) og Sverrir Gíslason (Ó).

Þorsteinn ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

Tónlistarskóli kl. 13:00.

Mættur, auk nefndarmanna, Einar Melax, skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps.

1. Málafni tónlistarskólans.

- a) Einar segir frá tónfundi (opinni æfingu) í kjölfar skólaslita grunnskóla. Almenn ánægja með fyrirkomulagið og þessa samvinnu milli skólastofnana. Auk þess rætt um vel heppnað árshátíðaratriði, þar sem valdir kaflar úr Ávaxtakörfunni voru settir á svið.
- b) Einar segir frá heimsóknum með nemendum á hjúkrunarheimilið. Hugmyndin að gera þær að reglulegum viðburði.
- c) Einar minnst á að skoða þurfi áfram að taka leigugjald fyrir hljóðfæri. Auk þess er stefnt að því að hafa almenn vorpróf í skólanum. Einari falið af fræðslunefnd að útfæra hljóðfæraleiguna nánar.
- d) Ráðningarsamningur við Einar var til eins árs. Einar hyggst halda áfram og ganga til samninga við sveitarstjóra um nýjan samning.

Heilsuleikskólinn Kærribær kl. 13:30.

Mættir auk nefndarmanna:

Guðrún Sigurðardóttir (leikskólastjóri). Karítas Heiðbrá Harðardóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna, boðaði forföll.

1. Skóladagatal 2017 - 2018.

Skóladagatalið lagt fram og samþykkt.

2. Skólanámskrá.

Leikskólastjóri segir frá vinnu við námskrána. Er enn í vinnslu.

3. Breyting á neyðaráætlun.

Neyðaráætlun lögð fram. Gerðar voru orðalagsbreytingar á henni. Áætlunin samþykkt.

4. Starfsmannahald og barnafjöldi.

Leikskólinn er fullmannaður fram að sumarfrí. Auglýsa þarf eina stöðu í haust. Staðan á barnafjölda skólans í dag er 22 börn en stefnir í að verða 23 eftir sumarfrí.

5. Önnur mál.

- a) Skólinn tekur þátt í Hreyfiviku UMFÍ.
- b) Vorhátíð skólans 31. maí 2017. Leikskólastjóri óskar eftir nærveru fræðslunefndarmanna, sérstaklega þar sem skólinn er að fá viðurkenningu fyrir Art verkefni.

- c) Leikskólastjóri segir frá foreldrakönnun. Könnuð var líðan, starf og fæði. Viðbrögð við könnuninni voru dræm, um 23% svörun. Stefnt að því að endurtaka könnunina.
- d) Lagt fram bréf dagsett 16. mars 2017, frá leikskólastjórum á skólaþjónustusvæðinu, þar sem þeir lýsa yfir miklum áhyggjum vegna starfsmannamála leikskólanna á svæðinu. Samrit sent sveitarstjórum á svæðinu auk Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 14:30

Arndís Jóhanna Harðardóttir mætir til fundar. Mættir auk nefndarmanna: Kjartan H. Kjartansson (skólastjóri), Sigurður Þorbjörn Magnússon (fulltrúi kennara í forföllum Lindu Agnarsdóttur) og Lars Hansen (fulltrúi foreldra).

1. Skóladagatal 2017 - 2018.

Skóladagatalið lagt fram. Skólastjóri leggur fram tillögu að breytingu á dagatalinu. Föstudagurinn 23. mars 2018 verði kennsludagur en nemendafrídagur í hans stað verði 29. maí. Skólaslit verði því 28. maí. Starfsdagur kennara færast fram sem því nemur. Breytingin samþykkt og skóladagatalið í heild sinni samþykkt.

2. Starfsmannahald.

- a) Starfsmannahald næsta skólaárs rætt. Allir starfmenn skólans eru fagmenntaðir.
- b) Ráðning skólaritara.

Fræðslunefnd fer þess á leit við sveitarstjórn Skaftárhrepps, að ráðinn verði skólaritari við Kirkjubæjarskóla í 50% stöðu, sem taki gildi við upphaf næsta skólaárs (2017 – 2018).

Greinargerð:

Á síðustu árum hefur vinnuálag aukist til muna á skólastjórnendum og kennara í grunnskólum, vegna breyttra vinnuáðstæðna og aukinna krafna í áætlana- og skýrslugerð. Staðan getur einnig nýst til framtíðar vegna færslu sveitarstjórnarskrifstofu inn í skólahúsnæðið.

Formanni fræðslunefndar og skólastjóra falið að safna frekari gögnum og skila til sveitarstjórnar.

3. Skólapúlsinn.

Frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál.

- a) Nemendaverndarráð. Einn fundur hefur verið á þessu skólaári. Skólastjóra falið að setja niður fastar dagsetningar fyrir fundi.

Fræðslunefnd kl. 15:50.

1. Menntastefna.

Menntastefna lögð fram. Stefnan samþykkt af fræðslunefnd og vísað til sveitarstjórnar.

2. Drög að reglum um skólaakstur.

Frumdrög kynnt. Unnið áfram með reglurnar.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.

Fundargerð er tölvuskráð og er 3 blaðsíður (bls. 6 - 8).

Fundarritari: Þorsteinn M. Kristinsson

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (sign)

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Arndís Jóhanna Harðardóttir (sign)

Ragnheiður Símonardóttir (sign)

Sverrir Gíslason (sign)